

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2012

2012/EES/34/06

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1060/2008 frá 7. október 2008 um að skipta út I., III., IV., VI., VII., XI. og XV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 385/2009 frá 7. maí 2009 um að skipta út IX. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽⁵⁾.
- 6) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2007/46/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 7) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 78/2009 falla úr gildi tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB ⁽⁷⁾ og 2005/66/EB ⁽⁸⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 70/156/EBE), liðar 45zd (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB) og liðar 45zm (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/66/EB) falli brott.
2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 45zw (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/78/EB):
„45zx. **32007 L 0046:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1), eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 74, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 292, 31.10.2008, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 118, 13.5.2009, bls. 13.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 15.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 37.

- **32008 R 1060**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1060/2008 frá 7. október 2008 (Stjtið. ESB L 292, 31.10.2008, bls. 1),
- **32009 R 0078**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 (Stjtið. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 1),
- **32009 R 0385**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 385/2009 frá 7. maí 2009 (Stjtið. ESB L 118, 13.5.2009, bls. 13).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við í 1. undirkafla 1. málsgreinar VII. viðauka og í málsgrein 1.1 í viðbætinum:

„IS fyrir Ísland,

FL fyrir Liechtenstein,

16 fyrir Noreg.“

- b) Eftirfarandi bætist við töflunar í 47. lið EB-SAMRÆMISVOTTORÐS í IX. viðauka:

– Ísland: ...	– Liechtenstein: ...	– Noregur: ...
------------------	-------------------------	-------------------

- 45zy. **32009 R 0078**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB (Stjtið. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lið 1.1 í IV. viðauka:

„– IS fyrir Ísland,

– FL fyrir Liechtenstein,

– 16 fyrir Noreg.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1060/2008, 78/2009 og 385/2009 og tilskipunar 2007/46/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.